Ed. **661. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 52, 7. maí 1928, um tilbúinn áburð.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

2. gr. laganna orðist svo:

Árin 1930 og 1931 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til flutnings á tilbúnum áburði upphæð, sem svarar til þess kostnaðar, sem af því leiðir að flytja tilbúinn áburð frá útlöndum og milli og til þeirra hafna, sem skip Eimskipafjelags Íslands og strandferðaskip ríkisins koma á.

Styrkurinn greiðist hrepps-, bæjar-, búnaðar- og jarðræktarfjelögum í hlutfalli við flutningskostnað á áburðinum frá útflutningshöfn til þeirra.

Við útreikning á flutningskostnaði skal þó ekki reiknað nákvæmar en svo, að öllum fjelögum sje skipað í nokkra kostnaðarflokka.

Ríkisstjórnin setur nánari reglur um þetta og annað, er þurfa þykir.

Búnaðarfjelag Íslands annast um úthlutun styrksins og sending.